

**109** göflum, en að öðru leyti að öllum frágangi svo sem segir í lýsingu prestsins og 20. júlí áætlun smíðsins, þeim er fylgdu með áður nefndu brjefi stípsyfirvaldanna. Herbergjaskipun sje eins og sýnir uppdráttur sá, er einuig var sendur hingað með nýnefndu brjefi. Ennfremur er þetta lántökuleyfi þeim skilyrðum bundið, að síðari helmingur lánsins ekki verði útborgaður fyrri en sannað er með regulegri skoðunargjörð þar til útnefndra manna, að húsið sje fullgjört og í áskildu standi, að lánið verði ávaxtað og endurborgað af tekjum prestakallsins á 28 árum samfleytt frá lántökudegi að telja með 6% árlega af hinni upphaflegu lánsupphæð, að sannað verði á fulltryggjandi hátt, að húsið sje traust og vel vandað, að húsið með eldavjel og nauðsynlegum ofnum verði eign prestakallsins, enda mega þá niðurfalla eptirnefnd bæjarhús: svo nefnt austurstofuhús, bæjardyr, skemma, búr og smíðja, að húsinu sje, undir eptirliti prófasts, haldið í eldsvodaábyrgð fyrir 4500 kr. að minnsta kosti, og að presturinn eða dánarbú hans skili húsinu við burtför hans eða fráfall í góðu og gildu standi eða með fullu álagi.

Þetta er stípsyfirvöldunum hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að því viðbættu að hið umrædda lán mun geta fengizt úr landssjóði.

## Viðauki

við

fjallskilareglugjörð Skagafjarðarsýslu.

Um fjárrekstra almennt.

### 1. gr.

Hverjum rekstri skulu fylgja nægilega margir rekstrarmenn, duglegir og vel útbúnir, en það álízt nægileg tala, er 2 menn reka allt að 100 fjár, 3 menn allt að 300, og svo fleiri menn eptir líkri tiltölu, ef fleira fje er rekið í einum rekstri, en ekki mega þeir jafnframt hafa önnur störf á hendi, ef ekki er betur mannað. Ekki mega að jafnaði vera færri en 2 rekstrarmenn, nema bæjarekstur sje.

### 2. gr.

Hvort sem rekstrarmenn eru fleiri eða færri, skal ávallt einn vera yfirmaður, er annist um, að þessum rekstrarreglum sje hlýtt, og ber hann ábyrgð á því gagnvart þeim, er kynni að kæra, en hann á aptur aðgang að samrekstrarönnnum sínum, ef þeim er um að kenna. Þó hvílir ábyrgðin að eins á hverjum einstökum rekstrarmanni, ef brotið er svo mikið, að það heyri undir almenn hegningarlög.

## 3. gr.

Allt fje, sem langt er rekið, nema á og afafrijet, skal merkt með glöggu rekstrarmerki í malir. Þó skal ávallt merkja sölufje, hve stutt sem rekið er.

## 4. gr.

Svo skal rekstrum haga, að sem minnstur bagi verði að þeim, er þau lönd eiga, sem um er rekið og í er áð. Varast skal, að rekstrum lendi saman við annað fje. Eigi má halda áfram með rekstra, úr því dimmt er orðið, nema brýna nauðsýn beri til að ná í áfangastað. Svo má og aldrei leggja á stað með rekstra fyr en markljóst er orðið.

## 5. gr.

Nú ber svo til að öðru fje lendi saman við rekstur, skal þá á næsta bæ við það, er rekstrarmenn eða aðrir hafa orðið þess varir, draga slíkt fje úr rekstrinum og gæta þess vandlega, að engin kind verði eptir, er eigi á í honum að vera. Skal þá sem og endrarnær, er viðstaða verður, telja rekstarfjed. Skyldir eru heimamenn eptir föngum að hjálpa til að kanna reksturinn. Sjá skulu rekstrarmenn um, að fje það, er saman við hefir komið, komizt til eigna eða umráðamanna þeim að skaðlausu.

## 6. gr.

Brot gegn reglum þessum heyra undir 47. og 48. gr. fjallskilareglugjörðar Skagafjardarsýslu, er staðfest er af amtsráði Norðuramtsins 15. dag júní-mán. 1893.

\* \* \*

Framanritaður viðauka við fjallskilareglugjörð Skagafjardarsýslu, sem er saminn af sýslunefndinni í Skagafjardarsýslu, var staðfestur og löggiltur samkvæmt lögum nr. 14, 22. marz 1890 af amtsráði Norðuramtsins á aðalfundi þess 11—12 þ. m., og skal hann öðlast gildi 1. sept. 1897.

Íslands Norðuramt, Akureyri 19. júní 1897.

*Páll Briem.*

## Reikningur

yfir

tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs Norðuramtsins 1896.

Tekjur:

I.	I sjóði við árslok 1895:		
	Í peningum	. . . . .	kr. 1790,90
II.	Niðurrjöfnun á lausafje í amtinu á hvert gjaldskylt hundrad	. . . . .	— 2552,62
III.	Vextir af 800 kr. frá 2. jan. til $\frac{1}{12}$ 1896	. . . . .	— 29,59
IV.	Til jafnaðar við gjaldl. IX	. . . . .	— 829,59
			Samtals: kr. 5202,70